

15. fundur Sögunefndar Keflavíkur 1949-1994 haldinn á Google-meet fimmtudaginn 27. janúar 2022 kl. 18:00.

Mættir eru; Eiríkur Páll Jörundsson ritstjóri, Ragnhildur Árnadóttir, Erla Guðmundsdóttir, Árni Jóhannsson, Stefán Jónsson og Kristinn Jakobsson sem ritar fundargerð.

Á fundinum var farið yfir framgang undirbúnings útgáfu bókar um Sögu Keflavíkur 1949-1994.

Texti frá Árna Daníel höfundi sögunnar er allur komin til útgáfunnar til yfirlestrar. Líklega þarf að stytta texta bókarinnar lítilega. Eftir er að skila inn heimildaskrá en vinna þarf nafna og atriðisorðaskrá þegar umbroti er lokið.

Góður gangur er í vinnslu og vali mynda hjá Eiríki Páli og Huldu og en eftir er að skrifa texta við þær í umbrotinni bók. Nú kemur sér vel að vinna við flokkun ljósmynda hófst strax í upphafi verkefnisins.

Allt efni rithöfundar sem ekki kemst fyrir í bókinni fer á söguvefinn. Þar sem sett verður inn viðtöl og myndbönd ásamt fleiri ljósmyndum. Vonast nefndarmenn að með lokum á ritun sögu Keflavíkur verði haldið áfram með vefinn og Saga Njarðvíkur verði sett inn, ásamt sögu Hafna og haldið áfram að með ritun sögu Reykjanesbæjar.

Mikilvægt er að undirstrika að ekki er verið að gefa út vefbók heldur söguvef um Keflavík þ.e. önnur uppbygging verður á vefnum en bókinni.

Prentun bókar ætti að fara í gang um miðjan mars eða um leið og bókin er tilbúin eftir. Pappír til prentunar er tilbúin í verksmiðju. Því ætti ekki að standa á að útgáfa loka einstaks í Sögu Keflavíkur verði í lok apríl. Komið gæti fyrir einhverrar seinkunnar vegna flutnings bókana til landsins

Nefndarmenn lýstu yfir ánægju á efnistöku höfundar og þótti gaman að lesa um sögu sem margir höfðu lifað. Enn er smá rými fyrir litlar breytingar á textanum, þá aðalega staðreynda leiðréttingar og augljósar villur.

Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:40